

## **Sp. 902. Tillaga til þingsályktunar**

um uppeldisheimili.

Flm.: Katrín Thoroddsen, Gylfi P. Gíslason, Sigurður E. Hlíðar, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um stofnun athugunarstöðva fyrir börn, sem eru andlega miður sín, og uppeldisheimili fyrir pílta og stúlkur, sem eru á glapstigum siðferðislega, sbr. lög um vernd barna og ungmenna, og leggja frumvarp um stofnun slíkra stöðva fyrir næsta reglulegt Alþingi.

### **Greinargerð.**

Í lögum um vernd barna og ungmenna er svo kveðið á, að stofnunum þeim, sem í þessari þáttill. ræðir um, skuli komið upp þegar fé er til þess veitt í fjárlögum. Flutningsmönnum er ljós þörf slíkra stöðva og vænta þess, að Alþingi sýni málinu fullan skilning. Bréf frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur til heilbrigðis- og félagsmálanefndar Nd. er prentað hér með sem fylgiskjal.

### **Fylgiskjal.**

#### **BARNAVERNDARNEFND REYKJAVÍKUR**

Reykjavík, 19. maí 1947.

Í frumvarpi því til laga um vernd barna og ungmenna, sem lagt var fyrir Alþingi s. l. vetur, var gert ráð fyrir því, að ríkisstjórninni væri skylt að stofna og láta reka hæli fyrir börn og unglinga, sem eru á glapstigum.

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur lagði mikla áherzlu á þetta atriði, því að það er stór þáttur af starfi nefndarinnar að fjalla um mál afbrota- og vandræðabarna.

Það er bæði gömul og ný saga, að alltaf eru nokkrir unglingar hér í bæ og víðar, sem fátt aðhafast annað en það, sem bæði er þeim og öðrum til óþurftar. Stundum er hægt að bjarga þessum unglungum með því að koma þeim á góð sveitaheimili. En oft fer svo, að heimilin eru ekki vandanum vaxin, og svo hitt, að þau geta ekki haldið börnunum vegna ofríkis foreldranna, sem sækja börnin með valdi, eða þá að unglिंगarnir strjúka.

Afleiðingin verður því sú oftsinnis, að ekki tekst að ná börnunum úr götusolli og slæmum félagsskap, og fá þau þá að halda áfram vandræðafærli sínum.

Þessu til sönnunar má nefna allt of mörg dæmi. Þess má þó geta, að nú hefur nefndin til meðferðar mál nokkurra drengja, sem allir þyrftu að fara burtu. Einn þessara drengja hefur t. d. framið 9 lögregluafbrot, verið þrisvar sendur úr hænum, en alltaf komið heim aftur og tekið til fyrri iðju. Mörg dæmi eru þessu lík.

Ef til væru hæli fyrir drengi og stúlkur, þyrftu barnaverndarnefndir ekki að standa ráðþrota við að bjarga unglungum, sem hafa orðið svo ógæfusamir að lenda út á afbrotabrautina, oft vegna áhrifa frá öðrum, sem ekki var hægt að bjarga vegna skorts á hælum.

Í hinum nýju barnaverndarlögum er ríkisstjórninni ekki gert að skyldu að reisa umrædd hæli, fyrr en til þess hefur verið veitt fé í fjárlögum, en það hefur enn ekki verið gert.

Barnaverndarnefnd telur, að við svo búið megi eigi lengur standa, að ekki séu til þær stofnanir, sem um hefur verið rætt hér að framan, og leyfir sér hér með að skora á heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis að taka mál þetta til athugunar og fyrirgreiðslu á þann veg, sem hún telur vænlegastan til árangurs.

F. h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur

Jónas B. Jónsson  
formaður.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.